

29. nóvember 1984

719

Nr. 457

REGLUGERÐ

um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra.

1. gr.

Fatlaðir að 18 ára aldri sem dvelja í heimahúsum eða njóta takmarkaðrar þjónustu en þarfnast sérstakrar umönnunar og gæslu að dómi svæðisstjórnar eiga rétt á aðstoð. Aðstoð sú sem hér um ræðir er í formi fjárhagslegs stuðnings við framfærendur hins fatlaða svo sem nánar er kveðið á um í 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Svæðisstjórn skal stuðla að því að fötludum að 18 ára aldri, sem eiga kost á þjónustu utan heimilis, sé ekki haldið heima að nauðsynjalausu.

3. gr.

Um greiðslu til framfærenda fer sem hér segir:

1. Hámarksgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 10. gr. fyrir 175 klst. á mánuði samkvæmt 8. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar skal greiða fyrir fatlaðan einstakling að 18 ára aldri, dvelji hann eingöngu í heimahúsum og njóti ekki þjónustu af hendi hins opinbera að undanskilinni heilbrigðisþjónustu og ýmiss konar heimangönguþjónustu, sem ekki hefur í för með sér vistun af neinu tagi, t. d. ráðgjöf. Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 12 768 á mánuði.
2. Fyrir einstakling sem dvelur 2 til 3 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 131 klst. á mánuði.
Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 9 557 á mánuði.
3. Fyrir einstakling, sem dvelur 4 til 5 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 87 ½ klst. á mánuði.
Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 6 384 á mánuði.
4. Fyrir einstakling, sem dvelur 6 til 7 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 40 klst. á mánuði.
Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 2 918 á mánuði.

4. gr.

Svæðisstjórn getur gert tillögur til félagsmálaráðuneytis um hærri greiðslur en samkvæmt 2., 3. og 4. tl. 3. gr., sé um að ræða óhagræði framfærenda vegna óreglulegs vistunartíma hins fatlaða á þjónustustofnunum ríkisins.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn svæðisstjórnar að hækka greiðslur allt að hámarki, samanber 1. tl. 3. gr., mæli brýnar ástæður með.

5. gr.

Barnaörorka samkvæmt lögum um almannatryggingar fellur niður vegna þeirra barna og unglinga, sem falla undir reglugerð þessa.

Framfærendur fatlaðra 16—18 ára, þeirra sem njóta örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar eiga rétt á greiðslum samanber 3. gr. reglugerðarinnar sem nemur þeim mismun, sem kann að vera á upphæðum þeirra og greiðslum samkvæmt reglugerðinni.

6. gr.

Umsóknir framfærenda um greiðslur samkvæmt reglugerð þessari skulu sendar hlutaðeigandi svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa og svæðisstjórnir afhenda.

Svæðisstjórn skal ásamt hlutaðeigandi greiningar- og ráðgjafaraðila kanna vandlega aðstæður hins fatlaða. Meti svæðisstjórn framfærenda hæfan til að annast þessa þjónustu og uppfylli hann sett skilyrði, sendir svæðisstjórn félagsmálaráðuneytinu umsóknina ásamt mati sínu og tillögum um greiðslu.

Hafi félagsmálaráðuneytið ekki athugasemdir við tillögur svæðisstjórnar, úrskurðar ráðuneytið í málinu og sendir til Tryggingastofnunar ríkisins, sem annast greiðslur.

Greiðslur hefjast frá 1. degi þess mánaðar, sem umsókn berst til svæðisstjórnar. Félagsmálaráðuneyti er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn svæðisstjórnar að greiða allt að 6 mánuði aftur í tímann.

7. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með högum hins fatlaða og framfærenda hans með reglubundnu eftirliti (heimsóknum) eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Verði breyting á högum viðkomandi, sem kunna að leiða til breytinga á forsendum fyrir greiðslum skal svæðisstjórn þegar í stað tilkynna þær skriflega til félagsmálaráðuneytis.

Framfærendum, sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglugerð þessari er skylt að tilkynna svæðisstjórn um aðstæður sem kunna að hafa í för með sér breyttar forsendur fyrir greiðslum.

Svæðisstjórnir skulu afhenda framfærendum, sem njóta aðstoðar samkvæmt þessari reglugerð sérprentað eintak af reglugerðinni og kynna þeim efni hennar rækilega.

8. gr.

Svæðisstjórnir ásamt greiningar- og ráðgjafaraðilum skulu endurmeta árlega forsendur greiðslna séu þær ekki bundnar fyrirfram til ákveðins tíma.

Svæðisstjórnir skulu í aprílmánuði ár hvert gera ráðuneytinu skriflega grein fyrir endurmati. Að öðrum kosti falla greiðslur niður nema þær séu bundnar fyrirfram til ákveðins tíma, samanber 1. mgr. þessarar greinar.

Dvelji fatlaður, sem undir reglugerð þessa fellur á sjúkrahúsi eða í skammtí mavistun falla greiðslur niður einum mánuði eftir að vistun hefst. Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að víkja frá þessu mæli ríkar ástæður með, t. d. yfirseta framfærenda.

9. gr.

Um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar fer samkvæmt 3. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.